

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. nóvember 2006

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum. Þskj. 24 – 24. mál.

Útvarpsstjóri og framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins hafa fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið með síðari breytingum í tilefni af bréfi menntamálanefndar Alþingis dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Ríkisútvarpsins um frumvarpið.

Tekið er undir hugmyndir í 1. gr. frumvarpsins um að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 3. gr. en það er í samræmi við áherslur sem hafa verið í starfi stofnunarinnar.

Ekki verður séð að hugmyndir í 2. og 3. gr. frumvarpsins um breytingar á 4. gr. og með nýrri 5. gr. a) séu til þess fallnar að gera Ríkisútvarpinu auðveldara að takast á við hin margvíslegu verkefni á síbreytilegum fjölmiðlamarkaði með skjótari og markvissari hætti en nú er.

Sama á við um 4. – 7. gr. frumvarpsins um breytingar á 1. mgr. 6. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr.

Varðandi 8. gr. um breytingar á 10. gr. hafa Ríkisútvarpið og stjórnendur þess ætíð kappkostað að viðhalda sjálfstæði þess, sjálfstæður fjárhagur er eitt þeirra atriða sem bent hefur verið á í því sambandi, fyrsta málsgreinin í framkomnu frumvarpi er því í samræmi við stefnu Ríkisútvarpsins.

Um aðra málsgreinina gildir að sjálfsagt er að geta þess í lögum fyrir Ríkisútvarpið að það skuli fjármagnað með tekjum af afnotagjöldum og auglýsingasölu.


Löggjafinn verður við lagasetningu vegna útvarps í almannabágu að gæta að hún falli að ákvæðum og samþykktum á Evrópska efnahagssvæðinu vegna útvarps í almannabágu og samkeppnislaga Evrópusambandsins. Ekki verður annað séð en að málsgreinin uppfylli þá kvöð, sbr. frumvarp menntamálaráðherra sem lagt var fram fyrir í haust.

Fjórða málsgreinin varðar afnotagjöldin og er þar um stefnubreytingu að ræða. Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri Ríkisútvarpsins, tók saman og gaf út ritið „Fjármögnun Ríkisútvarpsins“ í maí 2004. Sjötti kafli þess fjallar um innheimtu

byggða á fasteignagrunni og vísast hér með til þess sem þar kemur fram. Fyrir þá sem óska eftir ítarlegum skýringum á kostum og göllum þessarar leiðar, er bent á samantekt ritsins í kafla 7 þar sem gerður er samanburður á mismunandi fjármögnunarleiðum.

Miðað við núverandi fyrirkomulag má segja að annmarki fasteignaleiðarinnar sé sá að hún ræðst ekki af tækjæign. Hins vegar verður erfiðara með hverju árinu að skilgreina hugtakið viðtæki þar sem hægt er með nútímatækni að hlusta og horfa á ljósvakamiðla með tölvum og í farsímum. Í núverandi lagaumhverfi er mjög hæpið að skilgreina þessi tæki sem viðtæki þar sem þau falla undir fjarskipti.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll Magnússon', written over a horizontal line.

Páll Magnússon,
útrvarpsstjóri